

Ársskýrsla STÍL árið 2011

Flutt á aðalfundi í Hannesarholti, á Grundarstíg 10,

2.mars 2012

Fyrir síðasta starfsár hefur **stjórn STÍL** verið þannig skipuð að fulltrúi Félags enskukennara hefur verið Kristen Mary Swenson, fulltrúi Félags spænskukennara Thelma Ósk Sigurðardóttir, sem tók við af Ingibjörgu Böðvarsdóttir þegar hún flutti í burtu, fulltrúi Ísbrúar Hulda Karen Daníelsdóttir, fulltrúi Félags dönskukennara Lovísa Kristjánsdóttir, fulltrúi Félags þýskukennara og gjaldkeri Steinunn Geirsdóttir, fulltrúi Félags frönskukennara og ritari Vera Ósk Valgarðsdóttir og formaður undirrituð, Ragnheiður Jóna Jónsdóttir enskukennari.

Á síðasta aðalfundi var samþykkt ályktun til **Ráðuneytis Mennta- og menningarmála** vegna nýrrar nýrrar námskrár, þar sem skorað var á menntamálayfirvöld að standa vörð um tungumálakennslu í íslenskum skólum, og koma í veg fyrir stórfelldan niðurskurð á kennslu í erlendum málum. STÍL hélt áfram samstarfi við ráðuneytið og fjölmennur samráðsfundur var haldinn í ráðuneytinu þann 28.apríl vegna þessa. Lyktir urðu þær að nokkur leiðrétting fékkst á hlut dönsku og þriðja máls í nýju námskránni, þótt enn séu blikur á lofti í þessum efnum.

Síðsumars stóð til að STÍL héldi sem **sumarnámskeið** 40 stunda ritsmiðju á Hofsósi undir stjórn Dr.Jeffrey S.Wilhelm, í samvinnu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og móðurmálskennara. Tilraunin byggði á því að samnýta fyrirtaks kennara og námsefni á háskólastigi úr Bandarískum háskóla, til að jafnt starfandi kennarar og kennaranemar gætu nýtt sér ritsmiðjunatil eininga á háskólastigi. Hún skyldi vera þannig skipulögð að skráðir háskólanemar gætu tekið sumarnámskeið til 5 ECTS eininga, með eftirfylgni í höndum Baldurs Sigurðssonar dósents. Mikil undirbúningsvinna lá að baki samvinnu STÍL við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um þetta sumarnámskeið, en engu að síður varð ekki af því vegna ónógrar þátttöku háskólanema. Með skömmum fyrirvara forfallaðist kennarinn, og ákvað undirrituð að hlaupa í skarðið og standa fyrir tveggja daga vinnustofu á Hofsósi, með áherslu á ritun, þar sem kennarar sóttu sér haustvítamín til undirbúnings fyrir komandi haustönn. Var almenn ánægja með að málin skyldu leyst á þennan hátt og kennarar sóttu sér næringu í samveru og faglega uppbyggingu í

fögru umhverfi. Hingaðkoma Jeffreys Wilhelm var frestað um ár, og er áætluð í annarri viku ágúst 2012. Mun hann halda 3ja daga ritsmiðju í Reykjavík, sem er opin fyrir alla kennara á öllum skólastigum.

Evrópski tungumáladagurinn 26.september var haldinn hátíðlegur í samstarfi við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Mennta-og menningarmálaráðuneytið. Að þessu sinni komu samtök á sviði ungmennasamskipta að hátíðinni, AUS, AFS og Móðurmál. Efni hátíðarinnar var Ungmennaskipti og tungumál, og meðal atriða var fyrirlestur Cinzia Fjóra Fiorini um fjölbreyttar aðferðir til að kenna börnum móðurmál sitt utan heimalandsins, íslenskir skiptinemar sögðu frá reynslu sinni erlendis, erlendir skiptinemar fluttu ljóð á móðurmáli sínu og kór Kársnesskóla söng á íslensku og erlendum tungumálum undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur kórstjóra.

Tvö tölublöð **Málfríðar** komu út á síðasta ári og þakkar STÍL öflugri og óeigingjarnri ritnefnd vel unnin störf, þeim Jóhönnu Bryndísi Gylfadóttur, Höllu Thorlacius og Ásmundi Guðmundssyni. Málfríðarkaffi voru haldin í kjölfar útgáfu blaðanna, þar sem frekari kynning fór fram og gestir tóku þátt í umræðum. Í kjölfarið á skertu framlagi Mennta-og menningarmálaráðuneyti til fagfélaga opnaðist tækifæri til að sækja um aukafjárveitingar til sérstakra verkefna. Í byrjun árs veitti ráðuneytið 500 þúsund króna styrk til útgáfu Málfríðar, sem ríður baggamuninn í útgáfu blaðsins.

Tveir **formannafundir** með formönnum fagfélaganna voru haldnir á starfsárinu, og hefur formaður leitast við að efla tengsl og samheldni innan samtakanna. Sérstaklega er mikilvægt að félagar séu meðvitaðir um og leitist við að taka tillit til annarra sumarnámskeiða hvað varðar tímasetningar, eftir því sem mögulegt er. Fram kom á formannafundi í nóvember að sumarnámskeið fagfélaga raðaðst með eftirfarandi hætti á sumarið 2012:

- 1.vika júní: Frönskukennarar: Tónlist í tungumálakennslu
- 7.-9. júní: Enskukennarar “Making sense through writing.”
- 7.-9. ágúst: STÍL – Ritsmiðja
- 9.-10. ágúst: Ísbrú
- 13.-14. ágúst: Spænska – Orðabókarkennsla
- 13.-15. ágúst: Þýska

Vert er að benda á að ráðstefna FEKi, Félags enskukennara á Íslandi, sem ber yfirskriftina: “**Making sense through writing,**” er

opin öllum tungumálakennurum, og má ætla að hún gæti nýst kennurum í fleiri tungumálum er ensku.

Meðal hugmynda sem fram kom á formannafundi var að bjóða þeim tungumálum sem kennd eru í grunnskóla, **dönsku og ensku, tvo fulltrúa í stjórn STÍL** í stað eins og og hingað til hefur verið, og komi annar þeirra úr röðum grunnskólakennara og hinn úr röðum framhaldsskólakennara.

Formaður sótti tvo **fundi erlendis** á starfsárinu. Sá fyrri var á vegum European Center for Modern Languages: **ECML í Graz**, í september, þar sem verið var að kynna útgáfu 22 fjögurra ára samstarfsverkefna á vegum tungumálamiðstöðvarinnar., sem beina athygli að mati, samfellu í tungumálanámi, innihaldi tungumálanáms og fjöltyngi. Markmið tungumálamiðstöðvarinnar eru samofin úr hugtökum á borð við: hæfni, samstarf, áhrif og gæði. Eyjólfur Már Sigurðsson frá tungumálamiðstöð háskólans, og stjórnarmaður í stjórn ECML og Nedelina Stoyanova Ivanova, tákn málskenndari voru samferða formanni á fundinum og ráðgera að halda kynningu fyrir kennara á vorönn á þeim fjársjóði sem í þessum verkefnum felst, sem og þeim verkefnum sem þegar hafa verið unnin á vegum ECML. Miðstöðin greiddi ferðakostnað.

Meðal þeirra sem voru í forsvari á ráðstefnunni í Graz var **Ólöf Þórhildur Ólafsdóttir**, frönskukennari og yfirmaður menntamála hjá Evrópuráðinu. Hún setti samkomuna og stóð sig með stakri þryði. Sjálfsagt er að nýta tengslin við þennan ósérhlífna landa okkar í málefnum tungumálakennslu á Íslandi.

Boð kom frá nýstofnuðum Evrópusamtökum tungumálakennarafélaga: **REAL**, um að greiða uppihald fyrir einn íslending á vegum STÍL á fundi í Sevres í Frakklandi í nóvember, til að kynna samtökin og hvetja til inngöngu. Formaður sótti þennan fund á eigin kostnað, og sér ekkert því til fyrirstöðu að þiggja boð um inngöngu. Aðildargjald mun ekki fara yfir 100 evrur fyrir félagið, en er þó háð félagafjölda. Samtökin hafa farið af stað í skjóli Evrópusamstarfssjóða, og leggja áherslu á sameiginlega hagsmuni Evrópulanda. Linda Parker mun senda stjórnarskrá samtakanna til STÍL, til að fólk geti betur glöggvað sig á kostum þess að ganga í samtökin.

NBR, Nordic Baltic svæðafélagið í FIPLV, Alþjóðasamtökum tungumálakennara, stendur fyrir ráðstefnu í Finnlandi í júní næstkomandi, haldið af SUKOL, Finnsku

tungumálakennarasamtökunum, og mun Inna Semey vera fulltrúi STÍL á þeirri ráðstefnu.

Formaður fagnar því að afhenda Brynhildi A.Ragnarsdóttur formennsku í STÍL, en Brynhildur er reynslubolti í málefnum tungumála og meðal stofnenda STÍL. Í hönd fer ákjósanlegur tími til líta til baka yfir farinn veg og endurskoða tilgang félagsins í ljósi breyttra aðstæðna í íslensku samfélagi, og marka **STÍL stefnu til framtíðar**. Það er mikilvægt að þetta raðir tungumálakennara og efla samstöðuna, ekki síst nú með tilkomu nýrrar námskrár.

Ragnheiður Jóna Jónsdóttir

Fráfarandi formaður STÍL